Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

5. tölublað · Þriðjudagur 31. janúar 1978 · 7. árgangur · Verð kr. 80.-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?


Stórsigur yfir niðurrifsöflunum

Síðastliðinn laugardag héldu andstæðingar niðurrifsstefnu borgaryfirvalda í málefnum miðbæjarins, stórglæsilegan baráttufund á Hallærisplaninu. Var fjölmennt á fundinum, þrátt fyrir kuldann og þjöppuðu menn sér bara saman og létu baráttuandann ásamt heitu tei sem vár á boðstólum, halda á sér hita. Fundurinn var skipulagður af undirbúningsnefnd sem skipuð var fólki úr ýmsum áttum, skólafólki, fulltrúum frá Íbúasamtökum Grjótaþorps, Vesturbæjar og Torfusamtökunum. Auk þeirra sem sátu í sjálfri framkvæmdanefnd aðgerðanna lögðu margir hönd á plóginn og unnu mjög gott starf, sérstaklega var yngra fólkið virkt í áróðursstarfinu, svo sem í dreifingu á dreifriti og auglýsingu á fundinum.

Sú stefna varð ofaná í undirbúningnum að gefa aðgerðinni hressilegan og baráttuglaðan blæ. Meðal annars sagði í yfirlýsingu frá undirbúningsnefndinni að til stæði að "þurrka þjóðhátíðarsvipinn sem mest af ásjónu fundarins". Það er óhætt að fullyrða að því markmiði hafi verið náð. Fundarstjórnin fórst Pétri Gunnarssyni vel úr hendi og átti það sinn þátt í því hve vel tókst til. Spilverkið kom fram með lag um grænu byltinguna borgarstjórnarinnar. Hamrahlíðarkórinn kom fram og segir það nokkuð um hug ungs fólks til þessara mála hversu einhuga hann stóð að þessu máli.

Nemar úr leiklistarskólanum fluttu leikþátt þar sem bent var á tengsl borgarstjórnar og verslunarauðvaldsins í bænum, og var ekki vanþörf á að taka það fyrir. Elías Davíðsson lék undir fjöldasöng á harmoniku og strákar úr Hamra-

framhald á baksíðu



Frá útifundinum á Hallærisplaninu.

Hvað varð um milljarðagróðann?



Árni Benediktsson, framkvæmdarstjóri sendi um daginn greinarkorn til þriggja blaða til birtingar vegna skrifa Þjóðviljans um stöðu frystiiðnaðarins. Í Þjóðviljanum var sýnt fram á að söluverðmæti frystra sjávarafurða höfðu aukist um nærri 30 milljarða, en þetta taldi Árni ekki geta staðist, en taldi að sú verðmætaaukning sem orðið hefði, hefði öll farið í að greiða hærri laun. Fyrir Árna var þetta einfalt mál, verðmætaaukningin vegna hærra söluverðs hafði öll farið í launahækkanir. Árna láðist raunar að sýna fram á hvernig hann kæmist að þessari niðurstöðu en slær því föstu að launahækkunin hafi verið 62% milli áranna 1974 og 1977. Það hefur orðið hækkun í krónum á þessu tímabili og mælt í dollurum þá lætur nærri að um 24% hækkun sé að ræða, en ekki 62% eins og Árni heldur fram. En hitt er líka óhrekjanleg staðreynd að kaupmáttur launa hefur lækkað á sama tímabili, en á meðan hefur söluverðmæti fyrirtækjanna í Bandaríkjunum hækkað um 100%. Ef Árni ætlast til að honum verði trúað þá verður hann að sýna fram á að þessi 100% hækkun hafi ekki leitt til aukins gróða og eignamyndunar. Þetta getur Árni vitaskuld ekki og honum dugar ekki að bera fyrir sig að Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans líti eftir rekstri fyrirtækjanna. Það er ekki Seðlabankinn sem á þessi stórfyrirtæki það eru þau sem eiga Seðlabankann.

framhald á síðu 2

Lygaþvæla Kremlherranna

Sovéska áróðursvélin hefur hleypt af stokkunum lyga- og rógsherferð gegn Kína, út af hernaðarátökunum milli Kambódíu og Víetnams.

Í sovésku útvarpi 3. janúar mátti heyra þessa fréttaskýringu að: "Kína hefur kynt undir versnandi sambúð Kambódíu og Víetnams."

Ísvestía og Tass fréttastofan hafa jafnvel dreift viðbjóðslegustu lygum eins og að:."Kínverskir hernaðarsérfræðingar stjórnuðu hernaðaraðgerðum Kambódíuhers."

Það er í raun varla ástæða til að svara slíkum lygum og blekkingum. En sú staðreynd að Rússar kjósa að beita þessari aðferð, þarfnast athugunar. Eitthvað sem þolir illa dagsins ljós, hlýtur að vera hvati þessara hatursárása á Kína.

Venjuleg aðferð Rússa er að finna einhvers konar yfirvarp þegar þeir vilja koma upp missætti. Þeir ásaka aðra um stórar og þungar sakir til að dylja sínar eigin fyrirætlanir.

Sagan hefur sannað að Sovétríkin sjálf hafa verið höfundar margra milliríkjadeilna. Árið 1971 í deilu Indverja og Pakistana studdu þeir einn flokk gegn öðrum. 1974 nýttu þeir sér togstreitu þjóðarbrotanna á Kýpur, til að reyna að ná frá Bandaríkjamönnum hernaðarlegri fótfestu á Miðjarðarhafinu.

1975 og 1976 alhæfðu þeir um mismun samtaka þjóðfrelsishreyfinga Angóla og studdu eina gegn öðrum. Af því leiddi borgarastyrjöld. Þeir sendu líka hergögn og fleira og skiptu sér af innanríkismálum þessa nýfrjálsa ríkis til að gera það að framverði sovéskrar útþenslu í syðri hluta Afríku.

1977 léku þeir sama leikinn í deilu Angóla og Zaire. Síðan beindu þeir athygli sinni til Norður-Afríku og Mið-Austurlanda, notfærðu sér ágreining ríkjanna og dýpkuðu hann til að það gagnaði útþenslu áhrifasvæðis þeirra.

Nýlega fór fram sovésk heræfing með flugflutninga á þessu svæði. Þetta er allt dæmi sem sýna hvernig Rússar nota deilur ríkja 3. heimsins til að græða á sjálfir. Það vita allir að þeir hafa viljað ráða yfir Suðaustur Asíu og hafa

framhald á baksíðu

LEIÐARI

Kosningar og samstarf um framboð

Eftir því sem nær kosningum dregur verður umræða um þau sjónarmið sem flokkarnir setja fram fyrir kosningarnar stöðugt meir til umræðu. Hvað er það sem gerir kosningarnar svona mikilvægar í augum almennings? Á fólk von á að það verði einhverjar stórkostlegar breytingar? Eða eru stefnuskrár þær sem bornar eru fram svona misjafnar? Eða er það kannski allt þetta, en þó sérstaklega að kosningarnar eru stór aðgerð í augum flestra þar sem þeir álíta sig geta haft áhrif á stefnu þjóðmála, sem þeir eru í mörgum tilvikum sáróánægðir með. Fólk vill geta notað rétt sinn sem þegnar þessa þjóðfélags til að ráða nokkru um hver stefnan sé á hverjum tíma. Áhrif fólks til að koma sínum sjómarmiðum að um "stjórnun" landsins er nær eingöngu takmörkuð við þetta. Vissulega hafa margir trú á að kosningar fjórða hvert ár skipti sköpum. Engin hefur að vísu séð teljandi breytingu milli ríkisstjórna en engu að síður hefur fólk trú á því að með því að kjósa 60 manns á alþing hafi það málin í sínum höndum.

Fyrir þá sem treysta sér til að nota sér þennan baráttuvettvang til að koma brýnum málum á framfæri, er því mikilvægt að gera það á réttan hátt. Ef KFÍml tekur þátt í þessum kosningum verður hann að gera það með því sjónarmiðiað það eru málefnin sem skipta mestu máli að náist fram, en ekki hverjir berjast fyrir þeim. KFÍml mun því ekki leggja áherslu á að auglýsa sjálfan sig eða sína stefnu. Hann mun þess í stað berjast á grundvelli kosninga grundvallar með öllum þeim sem hann vilja styðja. Hvort sem það eru flokkar, félaga samtök eða einstaklingar. Þetta verða meginsjónarmið okkar til þess hvernig staðið verður að kosningabaráttunni. Ákvörðun um það hvort og hvernig verður boðið fram ræðst vissulega af því hvernig málin þróast næstu mánuði.

Helstu hugmyndir um það hvernig málefnalegur grundvöllur fyrir kosningarframboði gæti litið út tekur til þriggja meginþátta íslenskra þjóðmála. Í fyrsta lagi eru það efnahagsmálin og þá hverjir eru hagsmunir íslenskrar alþýðu. Það verður að berjast fyrir því fyrst og fremst að lífskjörin verði bætt og að 40 stunda vinnuvika nægi til framfærslu. Yfirvinna, akkorð og slík kerfi til að auka gróða skapa glundroða og eru ekki til þess að bæta hag alþýðunnar. Slík kerfi eru í besta falli til að auka tekjur um skamman tíma sem síðan er tekið með vöruverðshækkunum, íbúðaokri og sköttum. Út úr þessu verður að losa sig með markvissri stefnu sem gerir ráð fyrir afnámi skatta, stöðvun verðbólgu og íbúðabrasks. Þetta hljóta að vera meginsjónarmiðin í efnahagsmálum, sem velta efnahagsbyrðunum af herðum alþýðunnar yfir á auðmennina.

Í öðru lagi verður að berjast fyrir verndun lýðréttinda og berjast gegn hvers konar tilraunum til skerðingar á þeim. Allt sem miðar að því að hefta eða skerða tjáningarfrelsi af öllu tagi er stefnt gegn alþýðunni. Það verður að berjast fyrir auknum möguleikum alþýðufólks til að hafa tækifæri til að tjá sig hvort sem það er í list eða öðru. Félagsstarfssemi á kostnað ríkisins verður að auka og fundarsali, blaðaútgáfu og fleira þar sem alþýðufólki og félagssamtökum sem ekki eru styrkt af einkaaðilum er leyfður aðgangur. Hér á landi eru lýðréttindi stórlega skert vegna peningavaldsins sem drottnar yfir menningunni í krafti auðæfa sinna. Þessu verður að breyta með öflugri baráttu fyrir raunverulegum lýðréttindum.

Að síðustu munum við berjast fyrir verndun sjálfsákvörðunarréttarins og fullveldis landsins fyrir erlendri heimsvaldastefnu. Það verður að bera kröfuna fyrir brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO fram til sigurs. Að kvika frá þessari kröfu eru hrein svik við baráttuna fyrir sjálfsákvörðunarréttinum. Það verður í þessu sambandi einnig að berjast gegn ásælni erlendra auðfyrirtækja inn í landið. Aukin sókn erlendra risafyrirtækja inn í íslenskt efnahagslíf skerðir mjög sjálfstæði landsins gagnvart erlendum auðfurstum. Sala sjálfstæðisins fyrir nokkrar krónur, sem vissulega tapast aftur, er óviðunandi.

Þetta gæti í stórum dráttum verið sá grundvöllur sem KFÍml berðist á í næstu kosningum. Það sem við leggjum áherslu á er að sjónarmið verkalýðsins sé sett á oddinn skýrt og skilmerkilega í þessum þremur veigamestu málum þjóðarinnar. Samstarf og samvinna með öðrum um þessi mál mun framtíðin skera úr um.

Hvað varð um milljarðagróðann?

framhald af forsíðu

Hið kapitaliska hagkerfi lög og reglur þess eru tæki þessara risafyrirtækja til að auka og magna sinn eiginn auð. Það er því einmitt vegna Gjaldeyriseftirlits Seðlabankans sem þessum tveimur einokunarhringjum SÍS og SH hefur tekist að auka gróða fyrirtækja sinna um 26 milljarða milli áranna 1974 og 1977. Lögin og reglurnar eru ekki til að vernda hinn vinnandi mann og laun hans, heldur til að vernda skapara sinn kapítalistann. Þannig er auðvaldsþjóðfélagið uppbyggt og þannig getur það aðeins haldið áfram að vera til, ef auðsöfnun kapítalístanna stöðvast, lokast fyrir lífsþrótt auðvaldsþjóðfélagsins, sem hrinur þá saman. Kapítalisminn sem hefur gert allt að vöru fær ekki lifað nema græða á viðskiptunum við íslenskt og bandarískt vinnuafl, sem skapað hefur hvern eyri í stórfelldum gróða þeirra. Aldrei verður hægt að rétta svo hlut verkalýðsins innan kapítalismans að hann nái aftur öllu því sem hann hefur skapað með eigin vinnuafli, en við munum hvorki láta Árna né neinn annan hræða okkur frá því að berjast gegn kaupránsstefnu þeirra. Sóun og spilling yfirstéttarinnar er orsök allra efnahagsörðugleika, en verkafólk ber enga ábyrgð á þeim.

Hvað varð um gróðann?

Í lok greinar sinnar reynir Árni að útskýra hvað hafi orðið um milljarðagróðann sem skapast hefur í freðfiskiðnaðinum. Eins og vænta mátti verður Árna fyrst litið á kostnað þeirra framkvæmda, sem ekki virðast skila beinum gróða. Alla veganna ekki beinum gróða til fiskiðnaðarins, eftir því sem best verður séð. Þetta eru greinar eins og verndunarsjónarmið alls konar, tilraunir þríðja heims ríkja til að bæta lífskjör sín og hækkun arabaríkja á afurðum sínum olíunni. Þetta telur Árni fyrst og fremst vera orsökina fyrir því að kostnaður hefur aukist hjá frystihúseigendum um 40 milljarða, en væri ekki full ástæða til að athuga þessar fullyrðingar Árna nokkuð nánar. Eru það þessi atriði sem hækkað hafa rekstrarkostnað fyrirtækjanna um 40 milljarða? Er það mögulegt að aðgerðir eins og verndun náttúruauðlinda beri með sér stórfelldan kostnaðarauka fyrir iðnaðinn? Þessa fullyrðingu Árna skulum við kanna nokkuð nánar.

Árni segir í grein sinni að "náttúruverndarsjónarmið þau sem hafa verið að festa rætur að undanförnu hafa valdið verðhækkunum og munu valda ennþá meiri verðhækkunum; sama er að segja um mengunarvarnir". Þetta er afstaða framkvæmdastjórans til aðgerða sem koma eiga í veg fyrir að kapíalistar eins og hann fái óhindrað að eyðileggja náttúruauðæfi landsins á einni nóttu, sem hugsanlega gæti gefið stundargróða, en leiddi síðan óhjákvæmilega til hruns.

Íslendingar þekkja afleiðingar þess þegar sjónarmið skefjalausrar rányrkju hafa ráðið ferðinni. Það eru ekki mörg ár síðan þessi sjónarmið voru látin stjórna uppbyggingu síldveiðanna og afleiðingarnar urðu óskaplegar. Umhverfis landið í hverju þorpi og hvar sem því var við komið voru byggðar síldarverksmiðjur og sóknin var stunduð af stjórnlausu kappi. Engin náttúruverndarsjónarmið eða önnur höft voru lögð á stjórnlausa uppbygginguna, sem stóð í nokkur ár, en síðan kom hrunið með hörmulegum afleiðingum Allt í einu var auðlindin uppurin, eða alla veganna það var búið að drepa svo mikið af síldarstofninum að það borgaði sig ekki lengur að eltast við þá fáu titti sem eftir voru. Afleiðingarnar voru milljarða tap og raunar algjör stöðvun alls reksturs um tíma og því fylgdi stórfelldasta atvinnuleysi sem komið hefur síðari ár. Þetta ástanda stóð yfir í tvö ár með fullum þunga en fjaraði svo út smátt og smátt á næstu þremur árum. Ef það er slíkt ástand sem Árni vill endurvekja með því að gefa gróðasjónarmiðum lausan tauminn eins og 1966 þá verða afleiðingarnar óhjákvæmilega sams konar hrun. Verndunarsjónarmið eru því ekki kostnaður heldur gróði, sem skilar sér jafnt og þétt í framtíðinni.

Tilraunir Árna til að kenna verndunarsjónarmiðum um aukinn kostnað, fá því ekki staðist. Þvert á móti hafa þes þessi sjónarmið það í för með sér, að kostnaður við sóknina hefur ekki aukist meir, þrátt fyrir þá rányrkju sem stunduð hefur verið.

Það sama er hægt að segja um baráttuna gegn mengun. Þær tilraunir eiga vissulega eftir að skila sér og eru raunar að gera það.

Hvorugur þessara þátta hefur leitt til verðbólgu eins og Árni heldur fram það eru aðrar orsakir sem hækka vöruverðið. Árni veit það jafn vel og aðrir að vöruverð hækkar burt séð frá því hvaða mengunarvarnir eru gerðar, því það eru ekki mengunarvarnir sem ráða verðbólgunni. Enda var verðbólgan til löngu áður en þeir hlutir komu til sem Árni telur nú vera orsök verðbólgunnar.

Hvert gróðinn fer verður ekki skýrt með þeim dæmum sem Árni telur þau koma málinu svo til ekkert við eða eru frekar til að gera reksturinn hagkvæman ef eitthvað er. Gróðinn hefur því farið í aðra þætti og Árni bendir á ríki þriðja heimsins sem eiga samkvæmt honum að vera einn þáttur í kostnaðaraukanum.

Fer gróði fisksölunnar til þriðja heims ríkja.

Þegar Árni hefur talið upp innlendu orsakirnar leitar hann út fyrir landsteinana og finnur orsökina hjá alþýðu þriðja heimsins. Hvernig hann kemst að þessari niðurstöðu skilja víst fáir en hann segir "og í síðasta lagi veldur sókn þriðja heimsins eftir auknum hlut í lífsgæðum heimsins verðhækkunum hér um slóðir". Hvílík dæmalaus sjónarmið og það sem hann klikkir út með að við verðum að taka afleiðingunum af því að styðja ranga pólitík Hann á sem sagt við að vegna stuðnings vinstri hreyfingar við frelsisbaráttu þriðja heimsins þá verði okkur refsað með verðbólgu. Niðurstöður þessa væru sem sagt þær ef við stæðum við hlið kapítalistanna í ræningjastarfsemi þeirra á auðlindum og vinnuafli þriðja heimsins þá hefðum við losnað við verðbólguna alla veganna að hluta.

Hvort sem við lítum á þetta út frá mannúðarsjónarmiði eða úr frá hagrænu sjónarmiði munum við aldrei styðja ræningjastarfsemi þá sem Árni er að gráta. Það eru vissulega hagsmunir alþýðu heimsins að þriðji heimurinn öðlist sjálfstæði gagnvart auðvaldsríkjum og risafyrirtækjum Vestur-Evrópu. Ef það er eins og Árni telur að við höfum misst spón úr aski okkar vegna þess að þriðji heimurinn hafi nýtt sínar auðlindir sjálfur þá er það gott, en ekki slæmt. Hvort það hafi leitt til aukins kostnaðar fyrir freðfisksöluna eða annan íslenskan iðnað er heldur ólíklegt. Er það ekki öllu líklegra að eftir því sem þriðji heimurinn hefur eflt sína eigin framleiðslu og styrkt efnahaginn þá hafi hann meiri möguleika á að kaupa okkar dýru vöru? Það væri kannski helst að vestrænir kapítalistar hafi notfært sér aukna kaupgetu þriðja heims ríkja og hækkað vöruverðið og þannig hafi verðbólga aukist, en þetta eykur ekki kostnaðinn, heldur gróðann.

Skýringar Árna á hlutdeild þriðja heimsins í verðbólgunni og kostnaðaraukanum fá því ekki staðist gróðinn hefur ekki runnið til þessara ríkja. Það ætti að vera óþarf að ræða sjónarmið Árna út frá mannúðarsjónarmiði þar á hann sjálfsagt ekki marga fylgismenn. Það eru ekki margir sem gætu hugsað sér að berjast honum við

framhald á síðu 3

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

- Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30
- Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
- Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
- Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
- Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.
- Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi,
- Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.
- Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov,
- Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11 N : 220. 22246 LUND

Ljóð Maós formanns

Dufþakur


Skömmu fyrir jól kom út í íslenskri þýðingu heildarútgáfa af ljóðum Maós Tsetúngs í tilefni þess, að þá var liðið eitt ár frá dánardægri þessa mikilhæfa leiðtoga kínverskrar alþýðu. Bókin hlaut nafnið Gangan mikla og þýðingar á ljóðunum annaðist Guðmundur Sæmundsson. Bók þessi er í alla staði mjög vönduð; auk þýðinganna sjálfra fylgja með skýringar við hvert ljóð og ótal myndskreytingar eftir kínverska listamenn. Einnig eru birt nokkur ljóð, sem ort hafa verið um Maó og baráttu kínverskrar alþýðu, svo og ljóð formannsins á frummálinu ásamt skýringum á þeim bragarháttum, sem Maó notar. Þá fylgir og með stutt æviágrip Maós, en ævi hans er svo samofin sögu Kommúnistaflokks Kína og baráttu kínverskrar alþýðu á þessari öld, að ekki verður í sundur slitið.

Arnþór Helgason, formaður kínversk-íslenska menningarfélagsins, kemst m.a. svo að orði í aðfararorðum bókarinnar:

"Menn hafa áður fyrr kynnst stjórnvitringnum og heimspekingnum Maó Tsetúng, en með þessari bók kynnast þeir öðrum eðlisþætti hans, það er skáldinu og listamanninum Maó Tsetúng."

Um ljóð Maós hefur Arnþór þetta að segja:

"Að vísu sjáum við í kvæðum þeim, sem hér eru birt, að ekki er um beina hvatningu eða kennslu að



ræða í öllum ljóðunum, en víða er þar að finna skírskotun til atburða í kínverskri sögu, sem menn geta greinilega lært af, og seinustu kvæðin eru beinlínis ort til þess að stappa stálinu í kínversku þjóðina og efla baráttuhug hennar gegn áleitinni heimsvaldastefnu risaveldanna og endurskoðunarstefnu innan flokksins."

Þau ljóð sem birt hafa verið eftir Maó formann eru alls 39 talsins og spanna yfir 40 ára tímabil í ævi hans eða frá 1925-'65. Í ljóðunum má því að nokkru leyti rekja baráttusögu alþýðunnar í Kína.

Hér skal enginn dómur lagður á kosti eða galla þýðingar Guðmundar Sæmundssonar, en greinilegt er, að Guðmundur hefur reynt að koma bæði innihaldi og formi trúverðuglega til skila. Hvað formið snertir er næsta óvinnandi vegur að koma þeim fyllilega til skila í íslenskri þýðingu, því ljóðin eru ort undir sérstökum kínverskum bragarháttum, alls óskildum þeim, er við þekkjum best. Því er mest um vert, að innihald ljóðanna komist óbrenglað til skila í þýðingunni, en ekki verður annað séð, en þýðandinn hafi komist vel frá því vandasama verki.

Maó Tsetúng hefur sjálfur rætt mikið og ritað um bókmenntir og listir. Þekktasta innlegg hans í þær umræður er án efa ræða sú, er hann flutti í Jenan 1942. Við skulum láta fylgja með hér eina tilvitnun úr þessari ræðu:

"Í heiminum í dag er öll menning, allar bókmenntir og allar listir bundanr ákveðnum stéttum og tengdar ákveðnum þjóðfélagsstefnum. Í raun og sannleika er ekkert slíkt til sem listin fyrir listina. Engin list stendur stéttunum ofar. Engin list er án tengsla við eða óháð stjórnmálum. Listir og bókmenntir verkalýðs eru þáttur í byltingarbaráttu hans í heild."

framhald af síðu 2

Hvað varð um milljarðagróðann?

hlið til að auka þá blóðpeninga sem nú þegar er rænt frá þessum ríkjum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að skuld okkar við þessi ríki er meiri en svo að við teljum að þau skuldi okkur nokkuð. Það eru aðeins samviskulausir auðsafnarar eins og Árni og hans líkar sem setja fram slíkar skoðanir.

Gróðans sem Árni gat ekki fundið er ekki að leita í þeim þáttum sem hann taldi upp. Ástæðan fyrir því að hann fann ekki gróðann var að hann leitaði hans ekki þar sem hann var að finna í sínum eigin vasa.

Gróðinn smaug fram hjá skattkerfinu í gegnum skattsvik og hann fór ekki til verkafólks í launum. Hann fór í vasa auðmannanna, stjóranna og mútuþeganna, sem eru á jötu auðstéttarinnar. Hann fór í að skapa meiri auð af vinnu fjöldans til handa fámennri yfirstétt, sem lifir eins og furstar á striti fjöldans. Hann fór í innbyrðissamkeppni, sukk og skipulagsleysi kapítalíska hagkerfisins, étur sjálft sig upp í innbyrðis átökum. Þar er að leita orsaka verðbólgunnar, efnahagsvandans.

Lærum af Maó Tse tung

Nú hefur Stéttabaráttan lokið við að birta ritgerð Maó Tsetungs "Hin tíu megin tengsl" sem hann flutti á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína, 25.apríl 1956. Það skal tekið fram að í undirbúningi er að gefa út þessa ritgerð í heild sinni í bæklingi sem mun líta dagsins ljós innan skamms. Ritnefnd Stéttabaráttunnar vonar að lesendur blaðsins hafi haft nokkuð gagn af lesningu "Hinna tíu megin tengsla" og enn fremur að sem flestir færi sér í nyt það tækifæri að fá ritgerðina í bæklingi. Við teljum að það sé nauðsynlegt öllum þeim sem vilja tileinka eða kynna sér marxismann-lenínismann af einhverri alvöru, en ekki yfirborðslega að lesa ritverk Maós vandlega og að ofan greind ritgerð sé þar veigamikill hlekkur. Ritgerðin er skírt dæmi þess hvernig Maó Tsetung beitir almennum sannindum marxismans-lenínismans við úrlausn þeirra vandamála sem við blöstu sósíalískri uppbyggingu og sósíalískri umsköpun í Kína árið 1956. Í grein Maós kemur einnig fram að hann færir sér í nyt reynslu hins fyrsta sósíalíska ríkis, Sovétríkjanna, með það að markmiði að "læra af fyrri mistökum til að forðast önnur í framtíðinni". Um þetta segir hann m.a. "Og við megum ekki apa allt eftir hugsunarlaust og flytja það hingað á vélrænan hátt. Auðvitað verðum við að forðast að taka upp veikar hliðar þeirra og galla. Við ættum að hafa sömu afstöðu þegar við lærum af reynslu Sovétríkjanna og annara sósíalískra ríkja. Sumir gættu þessa ekki áður fyrr og tóku einnig upp veikleika þeirra. Þegar þeir voru að springa af monti yfir því sem þeir höfðu tekið upp, var þegar verið að hafna því í viðkomandi löndum. Afleiðingin varð sú að þeir urðu að fara kollhnís eins og apinn Sun Wu-kung." Ennfremur segir hann í sama kafla: "Það myndi leiða okkur í ógöngur ef sérhverri einstakri setningu, jafnvel þótt Marx hefði skrifað hana, væri fylgt. Kenning okkar er aðlögun almennra sanninda marxismans-lenínismans við hlutstæðan raunveruleika kínversku byltingarinnar." Það er enginn vafi á að íslenskir marxistar-lenínistar geta margt lært af þeim starfsstíl sem umfjöllun Maós ber með sér. Sérstaklega er lærdómsríkt að tileinka sér kafla 1X um tengslin milli réttra hluta og rangra. Þar tekur hann til umfjöllunar hvernig meðhöndla eigi villur og hvert sé markmiðið með gagnrýni og sjálfsgagnrýni. Þar segir m.a.: "Það er eðlilegt í samræmi við eðli málsins að hæfileg og vel grunduð gagnrýni sé sett fram gagnvart þeim félögum sem gert hafa villur og jafnframt að heyja nauðsynlega baráttu gegn þeim; þetta er gert til að aðstoða þá við að leiðrétta mistökin. Að neita þeim um aðstoð og það sem verra er að hlakka yfir mistökum þeirra er einangrunarstefna." (undirstr.STB)

Og á öðrum stað stendur: "er kreddusinnar undir forystu Wang Ming voru leiðandi gerði flokkur okkar mistök í þessu tilliti, með því að aðhyllast hinar slæmu hliðar í starfsstíl Stalíns. Kreddusinnar höfnuðu millihópum í þjóðfélaginu og innan flokksins leyfðu þeir ekki fólki að leiðrétta mistök sín og taka þátt í byltingunni".

Það hefur reynst íslenskum marxistum-lenínistum örðugt að leysa innri vandamál hreyfingarinnar með einingu í huga. Þess í stað er klofningurinn og einangrunarstefnan í hávegum höfð og veldur það hreyfingunni ómældum skaða. Það er röng afstaða að úthrópa fólk sem andbyltingarsinna sem maður álítur að hafi gert villur og reyna þannig að einangra það frá byltingunni. Þess í stað þarf að koma hjálp og barátta við það fólk sem gert hefur villur, með það að markmiði að læra af mistökunum til að forðast önnur í framtíðinni og að lækna sjúkdóminn til að bjarga sjúklingnum. Þessa stefnu ætti hin íslenska marxíska-leníníska hreyfing að tileinka sér til að sameina gervalla hreyfinguna í baráttunni gegn höfuðóvininum.

Að lokum skal tilfært það sem Maó segir um flokkinn og alræði öreiganna: "Kenning Leníns um öreigaflokkinn og alræði öreiganna er engan vegin úrelt eins og sumir halda fram. Það er full nauðsyn á alræði öreiganna". Þessi orð minna okkur á að markmið okkar er alræði öreiganna á Íslandi og framkvæmd íslensku byltingarinnar. Það verður að sameina sem flesta til að ná þessu markmiði. Það verður að hagnýta öll öfl sem á einhvern hátt vilja vinna byltingunni gagn. Það er hættuleg stefna, að hafna fólki á þeim grundvelli að það hafi gert villur. Slík stefna stefnir byltingu verkalýðsins í glötun á úrslitastundu.

Áskrifendur athugið!

Lausasala kr 80.-

Heilt ár eða 48 tölublöð	Baráttuáskrift	kr. 5.500.-
" " " " "	Venjuleg áskrift	kr. 3.500.-
Hálft ár eða 24 tölublöð	" "	kr. 2.000.-
Erlendis, sent vikulega, 48 tbl.		kr. 7.000.-
Erlendis sent hálfsmánaðarlega (2 blöð í einu)		kr. 5.500.-
Til öryrkja og aldraðra, heilt ár		kr. 500.-

Af fjölmiðlum

Í 2tbl. málgagns Eik (m-l) sem út kom í lok jan., skrifa samtökin grein um framboðstilraunina. Er sú grein full svívirðinga og lítt málefnaleg að vanda. Þar lepja samtökin upp æsingarviðtal Dagblaðsins við stjórnleysingjann Hermann Ólason sem snerist gegn samstarfsmönnum sínum að mótfamboðinu í Dagsbrún, um þaðfjallar Stéttabaráttan í 4. tbl. sínu á þessu ári. Greinin ber með sér þekkingarskort Eik (m-l) á lögum Dagsbrúnar og eins á því hvernigframboðsmálin gengu fyrir sig, en það er skiljanlegt þar sem greinin er skrifuð af mönnum sem stóðu víðs fjærri baráttunni. T.d. þarf ekki skriflega samþykkt þeirra manna sem stillt er upp í trúnaðarráð (ekki trúnaðarmannaráð eins og Eik segja). Eik (m-l) ættu að hafa rænu á því að útvega sér lög Dagsbrúnar í stað þess að þýða málflutning sinn beint úr Dagblaðinu.

Eins væri nú kominn tími til að Eik(m-l) skýri fyrir fólki hver og hvar sú leiðsögn er "sem Einingarsamtök kommúnista leiða í verkalýðs baráttunni" eins og þeir segja Sú leiðsögn kemur okkur leikmönnum hvergi fyrir sjónir nema í yfirlýsingum málgagns samtakanna.

Í hinum kostulega og háborgaralega slúðurdálki blaðsins "Samtíningur" er grein sem er full af lygum um Kristján Guðlaugsson ritara Kommúnistaflokksins og stefnu flokksins varðandi Alþingiskosningar þ.e. að hafa eigi samstarf við "þekktar persónur" t.d. Bjarna Guðnason. Þessu er óðarft að svara frekar, heldur skal vísað til leiðara Stéttabaráttunnar en þar er afstaða flokksins birt opinberlega.


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
5. tbl. 31.1.1978

STÉTTABARÁTTAN -kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R

Krafa um að EIKml sanni sitt mál

Eins og komið hefur fram í Stéttabaráttunni undanfarið gerðu verkamenn tilraun til að bjóða fram og fella frá völdum í Verkamannafélaginu Dagsbrún þá stjórn sem þar situr nú og hefur setið undanfarna áratugi. Þessi tilraun mistókst, af ástæðum sem greint hefur verið frá. Einnig hefur verið sýnt fram á hve árangurinn af starfinu að mótframboðinu hefur orðið jákvæður, þó margt hafi komið upp á sem ómögulegt var að sjá fyrir. Nokkrir félagar Kommúnistaflokksins tóku þátt í þessu starfi og því hafði Stéttabaráttan gott tækifæri á að fylgjast með framvindu mála og hefur því stöðugt flutt fregnir af málinu. Það hefur verið stefna Kommúnistaflokksins að styðja mótframboðsmenn eftir mætti.

Andstaða Eik(ml)

Höfuðóvinur verkamannanna í þessari baráttu sinni var að sjálfsögðu stéttasamvinnuforysta verkamannafélagsins og því hefur Stéttabaráttan aðallega beitt sér gegn henni. En nú þegar sú barátta er í bili ekki jafn skörp og áður er rétt að snúa sér að samtökum sem beittu sér í orði og æði gegn mótframboðinu. Þessi samtök nefna sig Einingarsamtök kommúnista (ml).

Eik(ml) hafa álitið sig og álíta sig víst enn vera andstæðinga núverandi Dagsbrúnarstjórnar. En eitthvað virðist þó baráttuaðferðum þeirra gegn stjórninni vera áfátt og afstaðan reikandi annað hvort til hægri eða vinstri. Sem dæmi um þetta má nefna að þeir án þess að rökstyðja sitt mál með öðru en stóryrtum yfirlýsingum, töldu félaga Kommúnistaflokksins vera meðreiðarsveina Dagsbrúnarstjórnarinnar vegna þeirrar málamiðlunar sem gerð var við stjórnina um að þeir fengju 3 sæti á þingi Verkamannasambandsins.

Þessa afstöðu þ.e. að gerð sé málamiðlun um sæti á þinginu, telur Eik(ml) vera undansláttarstefnu. Líklega hefði þá verið réttara af félögum flokksins að fara að dæmi Eik(ml) og sitja heima með sína "hreinu og tæru byltingarsinnuðu afstöðu og þekkingu".

Varðandi mótframboðið hvarflaði afstaða Eik(ml) frá vinstri öfganum, sem áður greinir, yfir í hægri öfgann sem stóð gegn því að háð yrði áþreifanleg og opinská barátta gegn þeirri stjórn sem áður hafði verið gerð málamiðlun við.

Það sem þeir þá báru fram til þess að réttlæta starfsleysi sitt var í það að í grundvelli mótframboðslistans stæði ekki skýrum stöfum "gegn stéttasamvinnustefnunni" "gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum".

Síðan hvöttu þeir verkamenn til að skila auðu. Sú afstaða þýðir með öðrum orðum "við viljum óbreitt ástand" þ.e. núverandi stjórn við völd í verkamannafélaginu.

Um allt þetta má lesa í málgagni Eik(ml) 1.tbl. 1978. Þar stendur enn fremur að þeir verkamenn sem að mótframboðinu stóðu hafi unnið "skemmdarverk á því starfi sem þegar hefur verið unnið (raunar óskipulega) við að byggja upp andstöðulið til baráttu gegn stéttasamvinnustefnunni í Dagsbrún og ASÍ".

Það er ekki nema von að þeir þ.e. félagar Eik, sem ekki hafa tekið þátt í uppbyggingu andstöðuliðs gegn Dagsbrúnarstjórninni og staðið utan við öll störf í því sambandi skilji ekki að einmitt þeir menn sem þátt tóku í starfinu að framboðinu, eru hin skipulega andstaða. Og enginn af þessum mönnum aðhyllist stéttasamvinnustefnu, heldur taka þeir þátt í starfinu vegna þess að þeir vilja að verkalýðsfélagið sé sterkt baráttutæki í höndum verkafólks og þjóni hagsmunum þess. Um það ber hinn málefnalegi grundvöllur framboðslistans glöggt vitni.

En Eik(ml) með sína "grasrótarstefnu" eins og þeir kalla hana, telja víst ekki rétt að lagt sé út í neins konar baráttu fyrr en allir eru orðnir fylgjandi stefnu hins kommúníska flokks alþýðunnar, sem samkvæmt skilgreiningu Eik(ml) er: "Eik(ml) eru einu marx-lenínisku samtökin á Íslandi".

Allir þeir sem ekki fylgja "fjöldalínu" Eik (ml) (að undantekinni "fáfróðri" óflokksbundinni alþýðunni) eru í augum Eik(ml) "endurskoðunarsinnar" "hentistefnumenn" "skemmdarverkaklíkur" "meðreiðarsveinar" "jábræður" "trúbadorar" og jafnvel "fasistar". Enginn allra þessara "óvina" Eik (ml) á samkvæmt skilgreiningu Eik(ml) rétt á því yfirleitt að vera til. Málgagn Eik (ml) sem virðist hafa það að höfuðverkefni að ráðast á vinstrihreyfingar, reynir stöðugt að blása út og mikla fyrir lesendum sínum, minniháttar villur sem aðrir en "Eikarar" gera og jafnvel þó ekki sé um villur að ræða.

En þegar Eik(ml) gerir villur eins og t.d. að skilgreina höfuðmóthverfuna rangt, þá heitir það að "Eik(ml) hafi í höfuðatriðum alltaf haft rétta stefnu

Nú hefur Eik(ml) slegið því föstu að starf verkamannanna að mótframboðin hafi verið skemmdarverk.

Hafi svo verið er rétt hjá Eik(ml) að segja það afdráttarlaust en þau verða einnig að sanna það

Nauðsynlegt er að meti sé nákvæmlega, hvað sé rétt stefna og hvað ekki

Og það mat er gert með því að draga af starfinu réttar ályktanir og fá fram hver reynslan sé, hvort sem stefnan hefur verið rétt eða röng.

Ef nú Eik(ml) gerir ti raun til að sanna "skemmarverkin" upp á verkamenina, þá verður að koma þar skýrt fram í hvaða starfi og hverra voru þau unnin.

/ghb



Kambódískir frelsishermenn

Lygaþvæla Kremlherranna

framhald af forsíðu

viljað stofna þar "samtök til verndar sameiginlegu öryggi."

Nú nota þeir sama bragðið í deilu Kambódíu og Víetnams. Rússar sjálfir hafa sannanlega reynt að gera deiluna harðari og bætt olíu á eldinn. Á sama tíma reyna þeir með öllum ráðum að rægja Kína. Með því halda þeir að þeir geti beint athygli heimsins frá heimsvaldasinnuðum markmiðum þeirra sjálfra.

Annað markmið Rússa er að sá missætti, þeir segja að Kínverjar hafi verið andvígir sameiningu Víetnams. Þessi lygi er einstaklega klaufaleg, því allir vita að Kínverjar studdu Víetnama í baráttu þeirra gegn bandarísku heimsvaldastefnunni og fyrir sameiningu landsins. Víetnamar sem háðu langt og grimmt stríð vita þetta. Það er jafn kunn staðreynd að Rússar studdu klíku Lon-Nols, öll þau fimm ár sem alþýða Kambódíu háði frelsisstríð sitt. Þeir réðust gegn þjóðfrelsishreyfingunni og reyndu í samvinnu við Lon-Nol klíkuna að skapa eitthvert þriðja afl. Markmiðið var að eyðileggja byltinguna í Kambódíu. Sovéska stjórnin hélt stjórnmálasambandi við stjórn Lon-Nols allt til þess dags er hún féll.

Það er þess vegna auðvelt að sjá hvers vegna Rússar neita að sætta sig við tilveru sósíalísks lýðræðisríkis í Kambódíu og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við það. Vegna þessa markmiðs síns breiða þeir út lygar um Kína til að fela sín eigin áform.

Engu að síður getur fólk lært af and-kínverskum áróðri Rússa. Hann eykur árvekni íbúa Indókína og annara landa Suðaustur-Asíu gegn Sovétríkjunum. Fólk bíður átekta og fylgist með því hvað rússnesku heimsvaldasinnarnir hafa fleira óhreint í pokahorninu vegna deilna Kambódíu og Víetnams.

(Úr Hsinhua News)

Stórsigur yfir niðurrifsöflunum

framhald af forsíðu

hlíðarkórnum stýrðu söngnum. Með tilliti til aðstæðna þótti rétt að byrja á "Nú er frost á Fróni".. Nokkur ávörp voru flutt og voru ræðumenn stutt orðir og gagnorðir og í ávörpum þeirra kom ýmislegt skemmtilegt og nýtt fram. Meðal annars talaði Þorgeir Þorgeirsson um verðmætamatið og fáranleik þess. Þau handverk sem maðurinn skilur eftir sig svo sem mannvirki eru lítils metin, en hins vegar er það sem eftir verður af honum, líkið sem holað er í jörð, svo heilagt að alls ekki má hrófla við kirkjugörðum, meðan heilar borgir eru jafnaðar við jörðu. En hvers vegna? Þar kemur inn í spilið spurningin um einka eignina.

Húsin og lóðirnar sem þau standa á eru í flestum tilfellum í einkaeign, en kirkjugarðar eru jarðnæði í eign ríkisins. Það er hagur þeirra er húsin og lóðirnar eiga að fá að braska með þær, en engir einsaklingar græða á sölu kirkjugarðanna. En ef forsendum væri snúið við, það er að einstaklingar ættu kirkjugarðana, þá mættum við búast við að fljótlega breyttist viðhorfið til kirkjugarðanna.

Styrkur þessa fundar var fólginn í því hve margir sóttu hann og þá ekki síður þeim baráttuanda sem einkenndi hann. Þar komst enginn uppgjafartónn að. En þessi fundur er ekki lokasigurinn, málið er enn ekki útkljáð. Við verðum enn um sinn að standa vörð um gamla miðbæinn. Næsta fimmtudag mun borgarstjórnin halda fund þar sem fjallað verður um málið, í húsakynnum sínum í Skúlatúni 4. Þar verðum við að mæta og sýna borgarstjórninni fram á hug okkar og styrk.